# Hlaðbær-Colas hf. Útblástursmælingar Færanleg stöð á Reyðarfirði 15. júlí 2021

# HLAÐBÆR-COLAS HF.-ÚTBLÁSTURSMÆLINGAR

## GREINARGERÐ

| | | | |
|---|---|---|---|
| VERKNÚMER: | 11233001 | DAGS: | 15/07/2021 |
| VERKÞÁTTUR: | 01 | NR.: | 10 |
| UNNIÐ FYRIR: | Hlaðbæ-Colas | | |
| VERKEFNISSTJÓRI: | Aðalsteinn Atli Guðmundsson | | |
| HÖFUNDUR: | Aðalsteinn Atli Guðmundsson | YFIRFARIÐ: | BTA |
| DREIFING: | Steingrímur Bragason, stöðvarstjóri | | |

Mælingar í útblæstri frá reykháfi á hreyfanlegri malbikunarstöð Hlaðbæ-Colas á Reyðarfirði var framkvæmd þann 15. júlí 2021 af starfsmönnum Verkís hf. Síur voru vigtaðar og þurrkaðar hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf. í Reykjavík.

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 3

Yfirlit yfir töflur 3

1 Inngangur 4

2. Mælingar í útblæstri frá reykháfi 5

2.1 Hraðamælingar 5

2.2 Heildarryk 6

2.3 Kolmónoxíð CO 6

2.4 Köfnunaroxíð NOx sem NO2 6

2.5 Annað 6

3 Mælinákvæmni 7

4 Niðurstöður síuvigtunar 8

# Yfirlit yfir töflur

Tafla 1.1 Niðurstöður mælinga í útblæstri 4

Tafla 2.1 Helstu kennistærðir reykháfs á mælistað 5

Tafla 2.2 Niðurstöður hraðamælinga 5

Tafla 2.3 Niðurstöður rykmælinga 6

Tafla 3.1 Nákvæmni í mældum gildum 7

# 1 Inngangur

Verkís hf. Í samstarfi við Rannsóknarþjónustuna Sýni ehf. tók að sér mælingar í útblæstri frá reykháfi á hreyfanlegri malbikunarstöð Hlaðbæ-Colas hf. sem staðsett var á Reyðarfirði. Í reykháfnum var mældur hraði og hitastig útblásturslofts, rykmagn og styrkur kolmónoxíðs (CO) og köfnunaroxíðs ($NO_X$) sem ($NO_2$).

Síur voru þurrkaðar og vigtaðar hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf. Niðurstöður mælinga sjást hér í töflunni að neðan.

Allir útreikningar í töflu 1.1 og losunarmörk sem eru tilgreind þar miðast við staðalaðstæður (STP), 273K (0°C) og 101,3 kPa, þurrt loft, leiðrétt að 17% $O_2$.
1 N/m³ svarar til eins rúmmetra af lofti við staðalaðstæður.

Tafla 1.1 Niðurstöður mælinga í útblæstri

| **Mælingar í útblæstri** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Mæliþáttur | Mæligildi (meðaltöl) | Losunarmörk klst meðaltal | Útstreymis-magn | Tímasvið |
| Rykmagn í útblæstri | 170,6 mg/Nm³ | 50 mg/Nm³ | 2,3 kg/klst | 1x30 mín |
| Kolmónoxíð CO | 877,2 mg/Nm³ | 500 mg/Nm³ | 11,8 kg/klst | 1x10mín |
| Köfnunaroxíð $NO_X$ sem $NO_2$ | 8,12 mg/Nm³ | 400 mg/Nm³ | 0,1 kg/klst | 1x10 mín |
| Súrefni ($O_2$) | 17,06% | | | |
| Hitastig mælibúnaðar | 14,5°C | - | - | - |
| Hitastig útblásturslofts | 70°C | - | - | - |
| Rakainnihald útblástursloft s | 17,8% | - | - | - |
| Loftþrýstingur á mælistað | 744,1 mmHg | | | |
| Lofthraði útblástursloft s | 29,8 m/s | - | - | - |
| Loftmagn | 13.503 Nm³/klst | - | - | - |

# 2. Mælingar í útblæstri frá reykháfi

## 2.1 Hraðamælingar

Lofthraði var mældur í þversniði reykháfs í 6 punktum[1].

Tafla 2.1 Helstu kennistærðir reykháfs á mælistað

| | Stærðir | Eining |
|---|---|---|
| Innra þvermál reykháfs | ≈0,50 | m |
| Flatarmál reykháfs | ≈0,20 | $m^2$ |




Tafla 2.2 Niðurstöður hraðamælinga

| Pkt. nr. | Staða í rás (cm) | Mældur hraði (m/s) |
|---|---|---|
| 1 | 2 | 26,5 |
| 2 | 7 | 29,8 |
| 3 | 14,5 | 31,5 |
| 4 | 35 | 30,5 |
| 5 | 42,5 | 30,5 |
| 6 | 47,5 | 29,8 |

**Meðalhraði lofts $v_m$ = 29,8 m/sek**

**Raunloftflæði = 21.070 $m^3$/klst**

[1] Frávik frá EN-13284 staðlinum þar sem gert er ráð fyrir að mælt sé í 12 punktum í þversniði reykháfs

## 2.2 Heildarryk

Eitt ryksýni var tekið með ryksafnara með glertrefja síu. Ryksafnaranum er stungið inn í reykháfinn og loftstraumur sogaður út í gegnum hann með jafnhraðasýnatöku (isokinetic sampling) í 6 punktum í þversniði reykháfs. Niðurstöður mælinga eru gefnar í eftirfarandi töflu.

Losunarmörk miðast við 17% súrefnisinnihald ($O_2$) í reykháfi. Því þarf að margfalda mældan rykstyrk í reykháfunum með eftirfarandi stuðli:

$$f_{C,O_2} = \frac{21 - \varphi_{O_{2ref}}}{21 - \varphi_{O_{2m}}}$$

Þar sem $\phi O_{2,ref}$ er viðmiðunargildið (17%) og $\phi O_{2,m}$ er mælt súrefnisgildi sbr. gildi í töflu 1.1 í reykháfi.
Rykmagn í bakgrunnssíu (e. blank value) er mælt þannig að ryksafnaranum er stungið inn í reykháfinn í 15 mínútur án þess að kveikt sé á loftdælu.

Tafla 2.3 Niðurstöður rykmælinga

| **Ryk í útblæstri** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Mæliröð nr. | Mælt rykmagn | Ryk í síu | Tími | Rykmagn (þurrt, leiðrétt 17% $O_2$) |
| 1 (sía #5) | 168 mg/Nm³ | 46,8 mg | 07:00-07:30 | 170,6 mg/Nm³ |
| Bakgrunnssía (sía #4) | - | 18,5 mg | 07:39-07:54 | - |

## 2.3 Kolmónoxíð CO

Kolmónoxíð var mælt með Madur GA-12 plus gasmæli

## 2.4 Köfnunaroxíð $NO_x$ sem $NO_2$

Köfnunaroxíð $NO_x$ var mælt með Madur GA-12 plus gasmæli og umreiknað að $NO_2$.

## 2.5 Annað

Súrefni í útblæstrinum mældist 17,06%, rakainnihald útblástursloft var um 18% og hitastig þess 70°C að meðaltali. Vegna tafa var engin framleiðsla á áætluðum mælingatíma og því var aðeins unnt að ná einu sýni og einum bakgrunni morguninn eftir.

# 3 Mælinákvæmni

Taflan hér að neðan sýnir nákvæmni, gefna upp í %, sem búast má við í mælingunum ef notaðar eru þær aðferðir sem vísað er í eða frá framleiðanda tækjabúnaðar.

Tafla 3.1 Nákvæmni í mældum gildum

| Mælinákvæmni | | |
|---|---|---|
| Mæliþáttur | % nákvæmni | Mæliaðferð |
| Ryk | ±15% | EN 13284 |
| TOC | ±15% | - |
| HCl | ±30% | EN 1911 |
| HF | ±20% | ISO 15713 |
| CO | ±5% | Skv. framleiðanda gasmælis |
| $NO_X$ | ±5% | Skv. framleiðanda gasmælis |
| $SO_2$ | ±5% | Skv. framleiðanda gasmælis |
| $NH_3$ | ±20% | - |
| $O_2$ | ±5% | Skv. framleiðanda gasmælis |
| Þungmálmar | ±15% | EN 14385 |
| Díoxín og fúrön | ±30% | EN 1948 |
| Hraði | ±3% | ISO 10780 |
| Hitastig | ±5% | EN 14790 |
| Raki | ±20% | EN 14790 |

# 4 Niðurstöður síuvigtunar

Sýni ehf
Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogur
profanir@syni.is
Sími: 512-3380

## Rannsóknaniðurstöður

Verkís hf.
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

| | |
|---|---|
| Skýrsla nr.: | 15036-21 |
| Gerð sýnis: | Ryksýni |
| Dags. beiðni: | 15.7.2021 |
| Dags. rannsóknar: | 16.7.2021 |
| Sýnataka: | Verkís hf. |
| Tengiliður: | Birgir Tómas Arnar |
| Starfsstöð : | Birgir Tómas Arnar - Ofanleiti 2 |

| Sýni nr. | Mæling | Niðurstöður | Mælieining | Aðferð |
|---|---|---|---|---|
| 21-6652 | Hlaðbær Colas á Reyðarfirði<br>#5: Rykmæling 1 | | | |
| | Þurrkun og vigtun á ryksíum | 46,8 | mg | |
| 21-6653 | Hlaðbær Colas á Reyðarfirði<br>#4: Bakgrunnsmæling | | | |
| | Þurrkun og vigtun á ryksíum | 18,5 | mg | |

Kópavogur, 20.7.2021

Þetta er prófunarskýrsla sem hefur verið yfirfarin og samþykkt á rafrænan hátt. Skýrslan er gild án undirskriftar

Árný Árnadóttir
Process engineer